


Reykholt í Borgarfirði

Framvinduskýrsla 2001

Guðrún Sveinbjarnardóttir



7

Reykholt í Borgarfirði

Framvinduskýrsla 2001

Guðrún Sveinbjarnardóttir



ÞJÓÐMINJASAFN
ÍSLANDS

Ljósmynd á forsíðu /: Loftmynd af Reykholti, tekin 1959. Fjós og hlaða, byggð 1929, eru norðan við leikfimishúsið.
Photo on cover An aerial photograph of Reykholt taken in 1959. The byre and barn, built in 1929, are to the north of the gymnasium. Ljósmynd / Photo: Halldór Einarsson

© **2002 Þjóðminjasafn Íslands/Guðrún Sveinbjarnardóttir.**
Öll réttindi áskilin.
ISSN 1560-8050

Prentun/umbrot: Gutenberg

Efnisyfirlit

Contents

Inngangur	5
1. Staða rannsóknar við árslok 2000	7
2. Rannsóknin 2001	8
Markmið	8
Aðferðir	8
Rannsóknarsvæði	10
Framgangur rannsóknarinnar	10
3. Rannsókn á svæði IX	12
3.1. Mannvirki 12	12
3.2. Minjar norðan við mannvirki 12	15
3.3. Minjar austan við mannvirki 12	20
4. Rannsókn á svæði X	24
5. Rannsókn á svæði IV	24
6. Helstu niðurstöður	25
7. Framtíðarrannsóknir	26
8. English summary	27
Heimildir / Bibliography	36
Skrá yfir myndefni / List of figures	37
Viðauki 1 / Appendix 1: T.J. Horsley: Geophysical surveys at Reykholt, Borgarfjörður, Summer 2001	39
Viðauki 2 / Appendix 2: Fundaskrá / List of finds	43
Viðauki 3 / Appendix 3: Sýnaskrá / List of samples	45
Viðauki 4 / Appendix 4: Ljósmyndaskrá / List of photographs	48
Viðauki 5 / Appendix 5: Teikningaskrá / List of plans/sections	54
Viðauki 6 / Appendix 6: Einfaldað einingaskipurit / Simplified Harris Matrix	56

Inngangur

Sumarið 2001 var fjórða uppgraftarsumarið í þeirri lotu rannsókna á gamla bæjarstæðinu í Reykholti sem hófst árið 1998. Fyrstu tvö sumrin var jafnhárrí fjárupphæð veitt til verksins, en árið 2000 var hún aukin töluvert og þess vegna var hægt að grafa lengur og með fleira starfsfólki en áður. Uppgraftarsvæðið var stækkað um hátt í helming og rannsókninni miðaði vel áfram. Árið 2001 fór fjárveiting aftur í sama horf og hún var í 1999. Umfang rannsóknarinnar varð minna í samræmi við það.

Uppbygging sú sem hófst í Reykholti eftir að héraðsskólinn lagðist af 1997 heldur áfram. Vorið 2001 var byrjað að flytja varaeintök af Landsbókasafni til geymslu í austurálmú gamla skólahússins og lokið var við að gera norðurálmuna upp. Þar hefur Menntamálaráðuneytið látið útbúa fundarherbergi og gistiðstöðu. Fræðimannsíbúðin í Snorrastofu komst í notkun með vorinu og var fullsetin allt sumarið. Þá hóf Snorrastofa að leigja út herbergi fyrir fræðimenn í einbýlishúsi á svæðinu sem tilheyrir henni. Samþykkt var á fundi sóknarinnar að varðveita skyldi gömlu kirkjuna, en Þjóðminjasafnið hafði boðist til þess að taka hana inn í húsasafn sitt og gera hana upp sókninni að kostnaðarlausu. Sú vinna hófst í september og í október var kirkjunni lyft af undirstöðu sinni sem var endurgerð.

Farið hafði verið fram á það að fornleifafræðingar frá Þjóðminjasafni fylgdust með þessum framkvæmdum og komu fornminjar í ljós undir kirkjunni. Meðal annars fundust leifar af smíðju og af gamla kirkjugarðsveggnum, ásamt illa förnum gröfum. Í kafla 7 er þessum rannsóknum lýst í stuttu máli, en unnið er að skýrslu um þær. Á sama tíma var gerð drenlagn í austur frá innganginum á norðurhlið austurálmú gamla skólahússins. Einnig var fylgst með þeim framkvæmdum

Haldið var áfram með rannsóknina sumarið 2001 þar sem frá var horfið sumarið 2000. Eins og þá var hún gerð með sérstakri fjárveitingu til Þjóðminjasafnsins úr ríkissjóði. Alls unnu þrír Íslendingar við uppgröftinn sumarið 2001. Allan tímamann voru Guðrún Sveinbjarnardóttir, stjórnandi rannsóknarinnar, og Inga Sóley Kristjónsdóttir, tilvonandi fornleifafræðinemi, en í tvær vikur Agnes Stefánsdóttir fornleifafræðingur. Allan tímamann unnu einnig við uppgröftinn Daniel Rhodes, fornleifafræðingur frá Englandi, sem hafði með höndum umsjón með kontextaskráningu, Eavan O'Dochartaigh, fornleifafræðingur frá Írlandi og Lee Newton, fornleifafræðingur frá Englandi. Vance Pollock, blaðamaður frá Bandaríkjunum, vann sem sjálfboðaliði í eina viku og síðustu tvær og hálfu vikuna lögðu fjórir sjálfboðaliðar frá Bretlandi rannsókninni lið,



Mynd 1 – Staðsetning Reykhólts. – Fig. 1 Location map of Reykholt.

en þeir komu til Íslands á vegum verkefnisins Excavation Centered Training in European Archaeology (ECTEA) sem var styrkt af Leonardo da Vinci II (IVT trainee placement) sjóði Evrópusambandsins. ECTEA var samstarfsverkefni Minjasafns Austurlands á Egilsstöðum og Grampus Heritage and Training Ltd í Cumbria í Bretlandi. Steinunn Kristjánsdóttir, fornleifafræðingur hafði milligöngu um þátttöku sjálfboðaliðanna í Reykholti. Þeir voru fornleifafræðingarnir Alex Hopson og Adheem Malik, Bryan Murray, tilvonandi fornleifafræðinemi, og Paul Kerrison, stúdent. Bryndís Geirsdóttir, stúdent og heimamaður í Reykholti, leiðbeindi ferðamönnum um uppgjöftinn í hálfu starfi um mánaðartíma. Hún tók þátt í uppgreftinum þegar tóm gafst til. Helgi Örn Pétursson, nemi í forvörslu við háskólann í Cardiff, vann fyrir rannsóknina um mánaðartíma á forvörsluverkstæði Þjóðminjasafnsins við forvörslu gripa úr uppgreftinum. Eftir að uppgrefti lauk unnu þrír menn við úrvinnslu í mánaðartíma og einn í þrjá mánuði til viðbótar við úrvinnslu og samningu þessarar skýrslu.

Auk ofangreindra sem komu beint að uppgreftinum, unnu ýmsir á vegum rannsóknarinnar að tengdum verkefnum og skulu þeir nú taldir upp. Þóra Pétursdóttir, nemi í sagnfræði og landafræði við Háskóla Íslands, vann um mánaðartíma við fornleifaskráningu í Reykholtssdal og nánasta nágrenni, einkum á fornum eignarjörðum Reykholtssstaðar og í seljalöndum staðarins. Auk Þjóðminjasafnsins styrkti Nýsköpunarsjóður námsmanna skráninguna og hún var unnin í samvinnu við Fornleifastofnun Íslands sem gefur út skýrslu um hana.¹ Ábyrgðamaður var prófessor Helgi Þorláksson við sagnfræðiskor Háskóla Íslands.

Brynja Björk Birgisdóttir, nemandi í fornleifafræði í Prándheimi í Noregi, vann í þrjár vikur við að gera forkönnun á gamla verslunarstaðnum á Hvítárvöllum. Tók hún upp þráðinn þar sem Margrét Gylfadóttir, fornleifafræðinemi í Svíþjóð, hætti árið 1999. Vænst er skýrslu frá henni. Vonir standa til að Brynja muni vinna áfram að verkefninu í tengslum við Reykholtssverkefnið undir stjórn leiðbeinanda síns í Prándheimi, Axels Christophersens.

Tim Horsley, breskur doktorsnemi við Háskólann í Bradford í Englandi, gerði jarðsjármælingar í kirkjugarðinum og nánasta nágrenni, en hann vinnur í doktorsverkefni sínu að því að rannsaka möguleika jarðeðlisfræðilegrar fjarönnunar við mat á fornleifum á Íslandi². Þetta var gert til undirbúnings fornleifarannsóknar þeirrar sem til stendur að gera á gamla kirkjugrunninum í kirkjugarðinum, en túlkun jarðsjármælinganna byggist mikið á því að bera saman það sem mælingarnar sýna og það sem kemur upp úr jörðinni. Skýrsla Horsley um þessar mælingar er birt í viðauka 1.

Sigurður Sveinn Jónsson, jarðfræðingur á Orkustofnun og sérfræðingur í hveravirkni, greindi sýni sem tekin voru sumarið 2000 úr húsinu sem jarðgöngin frá Snorralaus ganga uppí. Hann kom í heimsókn, skoðaði aðstæður og fékk nokkur sýni af hverasteinum. Hann hefur hug á að rannsaka hveravirknina á staðnum frekar.

Í ágústbyrjun 2000 var haldinn fundur með heimamönnum í Reykholti um frágang uppgraftarsvæðisins að rannsókn lokinni. Voru þar mætt auk skýrsluhöfundar, nýskipaður þjóðminjavörður, Margrét Hallgrímsdóttir, Þórunn Gestsdóttir, sveitarstjóri Borgarfjarðarsveitar, Geir Waage sóknarprestur, Bjarni Guðráðsson, þáverandi sóknarnefndarformaður og Bergur Þorgeirsson forstöðumaður Snorrastofu. Mikill áhugi er á því að ganga þannig frá minjunum að auðvelt sé að sýna þær ferðamönnum sem sækja staðinn heim. Var ákveðið að byrja sem fyrst að undirbúa þá aðgerð, afla fjár og leita upplýsinga um hvernig best væri að standa að þessum framkvæmdum. Nú í sumar var fyrsta skrefið tekið í þessa átt. Sænskur forvörður, Tord Andersson að nafni, var fenginn til þess að veita ráðgjöf varðandi frágang skálans sem grafinn var upp í Aðalstræti í Reykjavík veturinn 2001. Hann kom í Reykholt til þess að skoða aðstæður, og fékk nánari upplýsingar um staðinn og minjarnar sem til greina kemur að varðveita og hafa til sýnis. Vænst er skýrslu frá honum. Gengið verður frá svæðinu í samvinnu við Framkvæmdasýslu ríkisins vegna húseigna Landsbókasafns og Menntamálaráðuneytis, og í tengslum við viðgerð gömlu kirkjunnar sem húsadeild Þjóðminjasafnsins annast.

¹ Þóra Pétursdóttir 2002.

² Horsley og Dockrill, væntanlegt.

Eins og fyrri ár naut rannsóknin aðstoðar ýmissa aðila. Menntamálaráðuneytið útvegaði húsnæði í Reykholti meðan á uppgrefti stóð, en Óli Jón Ólason og Steinunn Hansdóttir, sem reka Hótel Reykholt, sáu okkur fyrir búnaði í það. Þegar starfsliði fjölgaði hljóp Snorrastofa undir bagga og hýsti þá sem ekki komust fyrir í húsi Menntamálaráðuneytisins. Landsvirkjun lánaði skúr sem notaður var sem skrifstofa. Starfsmenn uppgraftarins voru í hádegis- og kvöldmat á hóteliinu. Haukur Júlíusson lánaði gröfu og starfsmann, Erlend Sigurðsson, til þess að opna stærra uppgraftarsvæði. Séra Geir veitti sem fyrr margvíslega aðstoð sem og Bergur, forstöðumaður Snorrastofu, Magnús Agnarsson húsvörður í Reykholti og Margrét Guðjónsdóttir, starfsmaður Landsbókasafns á staðnum. Rúna K. Tetzschner og Sigurborg Hilmarsdóttir lásu yfir íslenskan texta þessarar skýrslu. Öllum þessum aðilum eru færðar bestu þakkir fyrir aðstoðina. Frekari upplýsingar um uppgroftinn og Reykholtswerkefnið má nálgast af heimasíðu Þjóðminjasafnsins á www.natmus.is.

1. Staða rannsókna við árslok 2000

Eins og fyrr segir var uppgraftarsvæðið stækkað um hátt í helming til norðurs þegar vinna hófst á vettvangi árið 2000. Uppgrafterliðinu var deilt niður á gamla og nýja svæðið, og tókst að ljúka rannsókn syðst á svæðinu fyrir utan rúmlega 1 m af niðurgrofnu jarðgöngunum sem liggja frá Snorralaus á bili þar sem þau eru nokkuð fallin saman. Var ákveðið að bíða með frekari uppgroft á þeim þar til ákvörðun hefur verið tekin um það, hvernig gengið verður frá göngunum eftir að rannsókn lýkur. Jarðgöngin taka sveig síðasta spólinn um 45° til austurs af annars beinni norðvestlægru stefnu og enda í a.m.k. tíu steinþrepum sem liggja upp í suðvesturhorn ferhyrnds húss. Hæðarmunur milli neðsta og efsta þreps er hátt í 2 metrar. Húsið sem þau liggja uppí er u.þ.b. 9,5 m að innanlengd. Veggir þess eru niðurgrafnir og að auki er grafið niður í botn þess um 25 cm niður frá neðstu steinum vegghleðslunnar (sjá yfirlitsupprátt). Breiddin er óreglulegri, eða frá 2,3 m vestast upp í 2,8 m austast. Suðurveggur-

inn bendir til þess að þetta hafi upphaflega verið eitt hús, en síðan verið skipt í þrennt með þykkum kömpum³. Veggir í norðvesturhorninu eru óverulegir og það er líka þessi hluti hússins sem er mjórri. Ekki sást að það hefði nokkurn tíma verið breiðara á þessum stað. Ljóst var af fyllingarlægum að þessi hluti hússins hafði verið notaður á annan hátt en hinn hlutinn sem var fullur af móösku. Vesturgafllinn var hlaðinn yfir jarðgöngin, en ekki sáust þess nein merki að göngin lægju undir niðurgroftinn fyrir húsinu. Virðast þau ganga upp í sama niðurgroft og húsið. Eini inngangurinn inn í húsið, fyrir utan jarðgöngin, er í suðausturhorni þess. Aðgangur að honum er niðurgrafinn og inngangurinn sjálfur er um 2 m langur og 50 cm breiður, hellulagður gangur gerður úr gríðarlega stóru grjóti. Þessi endi hússins er mun meira niðurgrafinn en hinn hlutinn og eru veggir í austurgafllinum hlaðnir úr 5–6 lögum af grjóti. Engin gólfög fundust í húsinu og engar innréttingar eins og t.d. eldstæði. Veggirnir hvíla á isaldarmöl og eftir húsinu endilöngu var grafin rás í þeim hluta þess sem var breiðari. Líklegast er talið að þetta sé undirstaða undir hús, einhvers konar kjallari, og að meginbyggingin sé horfin vegna seinni umsvifa á staðnum. Mætti hugsa sér að sú bygging hafi verið úr timbri eins og tíðkaðist í Noregi t.d. á 13. öld, þó að þess hafi reyndar ekki séð nein merki við rannsóknina. Einungis er unnt að tímasetja þetta hús með nokkurri nákvæmni af afstöðu þess til annarra minja en miðað við hana gæti það vel verið frá 13. eða 14. öld.

Norðan við húsið voru brotakenndar leifar sem eru eldri, m.a. um 30 cm þykkt dökkt lag sem var fullt af lífrænum leifum. Efst í því fannst útskorinn tréhlutur sem hefur verið tímasettur stílfraðilega til 10. eða 11. aldar⁴. Einnig fundust þarna steinkolur af fornri gerð sem höfðu lent í ruslapyttum. Árið 1989 fannst eldstæði á þessum slóðum. Í því var einnig steinkola og kolað bygg sem var tímasett á bilið frá 10. til 12. aldar⁵.

Norðan við þessar leifar fannst árið 1999 vegghleðsla með grjóthlöðnum stólpum sem liggur eins og niðurgrafna húsið sem lýst er hér að framan. Hleðslan liggur rétt sunnan við norðurmörk uppgraftarsvæðisins eins og það var áður

3 Guðrún Sveinbjarnardóttir 2001, mynd 4.

4 Signe Fuglesang, munnl. uppl.

5 Hedges o.fl. 1993. Bréf frá Rupert A. Housley, Radiocarbon Accelerator Unit, Oxford, dagsett 5.11.1992.

en það var stækkað. Ekki var varpað frekara ljósi á hverju hún tilheyrir sumarið 2000 enda komst uppgröftur á nýja svæðinu ekki nógu langt til þess að það væri hægt. Á nýja svæðinu fannst hins vegar eitt heillegt hús, en það var búr sem í var fjöldi sáfara. Þau eru ekki öll frá sama notkunarkeiði enda skárust sum þeirra, og mátti skipta þeim í a.m.k. fjögur tímasteið. Þetta búr var eldra en gangabærinn sem stóð hér síðast en búseta í honum var, með hjálp muna sem fundust í gólflögum, tímasett á bilið frá 17. til 19. aldar. Vestustu sáförin liggja undir göngum þess bæjar. Ofan á búrinn var hins vegar gólflag sem tilheyrði gangabænum. Nyrst á uppgraftarsvæðinu var þykkur torfveggur sem náði út úr því til austurs.

Ruslahaugurinn, sem gamla skólahúsið er byggt ofaní, var lítillega kannaður en hann kom í ljós þegar drenlagn var gerð meðfram vesturhlíð hússins. Um 1 m breið skák var grafin í lögum niður á um 1 m dýpi. Vonast hafði verið til þess að varðveisla beina væri góð. Svo reyndist þó ekki vera og haugurinn var á þessum stað frá seinni öldum. Dýpt hans og þar með aldur hafa hins vegar ekki verið könnuð til hlítar.

2. Rannsókn 2001

Markmið

Helsta markmið rannsóknarinnar í Reykholti er að kanna aldur fyrstu búsetu á staðnum, rannsaka bæjarhúsin, með sérstöku tilliti til búsetunnar á 13. öld, tíma Snorra Sturlusonar, kirkjuna og tengsl hennar við bæjarhúsin. Af fornleifarannsóknnum er tiltölulega lítið vitað um bæjarhús á Íslandi á 13. öld miðað við t.d. á fyrstu öldum byggðar í landinu. Í Sturlungu eru nokkuð ýtarlegar lýsingar á húsakosti í Reykholti á tímum Snorra. Samanburður á þeim og fornleifunum er áhugaverður.

Í þessum áfanga var stefnt að því að ljúka við uppgröft á því svæði á bæjarstæðinu sem nú þegar hafði verið opnað. Rannsókn syðst á svæðinu er að mestu lokið. Þó standa vonir til þess að kanna megi frekar merki um notkun hveravatns eða gufu í niðurgrafna mannvirkni sem jarðgöngin frá Snorralaug liggja uppí. Sýni var greint úr útfellingu sem fannst í því og talin var hafa myndast vegna hveravirkni. Greiningin staðfesti ekki þá tilgátu, en sérfræðingurinn sem

greindi sýnið hefur áhuga á að kanna þetta nánar.

Helstu verkefni sem lágu fyrir á bæjarstæðinu voru þessi:

Norðan við niðurgrafna mannvirkið ganga mannvistarleifar sem eru eldri en það undir grunn fjóss og hlöðu sem stóðu austan við uppgraftarsvæðið. Kanna þurfti hvort ástæða væri til að brjóta upp grunninn til þess að rannsaka þessar minjar, og stækka uppgraftarsvæðið til austurs ef svo reyndist vera.


Rannsaka þarf framhald hleðslubrots með grjóthlöðnum stólpum, sem liggur eins og niðurgrafna húsið, en upp að því að norðan virtust vera hellur. Er líklegt að þetta sé suðurlanghlíð húss, sem liggur á milli niðurgrafna hússins og búrsins sem rannsakað var sumarið 2000.

Við norðvesturhorn fyrrnefnds fjóss og hlöðu fannst, við byggingu þeirra 1929, brot úr hverasteini með rauf eftir endilöngu og aðrar minjar sem túlkaðar voru sem leifar eftir rennu með stefnuna suðvestur-norðaustur, sem gufa var talin hafa verið leidd um frá hvernum Skriflu. Í ár var opnuð 2–3 metra breið skák norðan við hlöðugrunninn til þess að kanna hvort varpa mætti frekara ljósi á þessar leifar. Breski doktorsneminn, sem vinnur að því að kanna notagildi fjarkönnunar við fornleifarannsóknir á Íslandi, mun gera slíkar mælingar á þessu svæði og einnig inni í kirkjugarðinum.

Áformað var að sækja um styrk í Kristnihátíðarsjóð til þess að gera forkönnun á gamla kirkjugrunninum til að kanna ástand og aldur þessara minja. Sunnan við gömlu kirkjuna sem reist var á nýjum stað 1886–7, sér móta fyrir grunni kirkjunnar sem stóð í Reykholti til þess tíma. Jarðsjármælingar, sem gerðar voru á þessum stað árið 1993, bentu til þess að undir grunninum sem sést á yfirborði sé stærri grunnur. Kristnihátíðarsjóður komst ekki í gagnið fyrr en í lok sumars svo ekkert varð úr forkönnun kirkjugrunnsins að þessu sinni. Þau áform hafa verið flutt yfir á árið 2002.

Aðferðir

Rannsóknaraðferðir voru þær sömu og beitt hefur verið við uppgröftinn í Reykholti síðan 1998. Grafið var eftir jarðlögum í einu plani eftir því sem unnt var eftir hinna svonefndu Harris Matrix aðferð (single context planning). Þessi aðferð á að stuðla að því að sem réttust mynd fái af



Mynd 2: Yfirlitstekning af Reykholti (eftir Þorkel Grímsson & Guðmund Ólafsson 1988 með viðbótum).
Fig 2: Plan of the Reykholt site (by Þorkell Grímsson & Guðmundur Ólafsson 1988, with amendments).

innbyrðis- og heildarsamhengi mannvistarlaganna og mannvirkja og virðist henta vel við uppgröft bæjarhóla þar sem jarðlagaskipan er flókin. Einnig var stuðst við snið þar sem henta þótti. Hverju jarðlagi, skurði og fyllingarlagi (samheiti kontext eða eining) var gefið númer og var byrjað þar sem frá var horfið sumarið 2000, á 615. Framan við númerið voru sem fyrr settir stafir sem gefa til kynna hvers konar einingu er um að ræða: CS fyrir steina, CL fyrir lag, CC fyrir skurð og CF fyrir fyllingu í skurði. Hver eining er skráð á sérstakt eyðublað samkvæmt því kerfi sem notað er við Museum of London⁶. Í flestum tilvikum voru einingar teiknaðar og ljósmyndaðar, bæði á litskyggnum og stafræna myndavél. Jarðlög, mannvirki, fundir og sýni voru mæld samkvæmt hnitakerfi sem sett var upp á uppgraftarsvæðinu við upphaf rannsóknarinnar. X-ásinn liggur til norðurs og hækkar í þá átt og Y-ásinn til austurs. Hnitakerfinu var skipt í 5 x 5 m reiti fyrir teikningar til þess að auðvelda samsetningu þeirra við úrvinnslu. Fastapunktur fyrir allar mælingar með alstöð, þar með talið hæð yfir sjó, er bolti sem er skrúfaður niður í stétt við norðurhlið inngangs í Útgarða, suðurálmú nýju heimavistar skólans sem nú er hluti Hótel Reykhólts. Hnit þessa punktar er X245.82, Y197.12, H39.33. Tveir aðrir fastir punktar eru: X146.69, Y231.28, H35.71 (pt. nr. 661) sem er bolti í stétt norðan við bílskúra sem nú eru notaðir sem geymslur og eru nokkurn spöl austan við uppgraftarsvæðið, og X206.57, Y178.75, H38.95 (pt. nr. 662), sem er í brún klóaks með steiptum hlemmi rétt sunnan við hótelið. Punktur sá sem alstöðin var sett yfir er rör inni í kirkjugarðinum (pt. nr. 825) sem hefur hnitin X231.86, Y127.86, H42.07. Skekkja, bæði lárétt og lóðrétt, sem eykst í norður hefur komist inn í hnitakerfið og er mest 3–4 cm.

Rannsóknarsvæði

Eina viðbótin við uppgraftarsvæðið nú í sumar var um 2.5 m breið skák til austurs nyrst á svæðinu, upp að grunni fjóss og hlöðu, og um 1.5 m breið skák fyrir norðvesturhorn hlöðunnar og meðfram norðurhlið hennar. Þessi viðbót er nefnd svæði X.

Mest áhersla var í sumar lögð á uppgröft á svæði IX (sjá mynd 3), en einnig var grafið á svæði IV og á nýja svæðinu, X. Uppgrefti lauk vestast á svæðum IV og IX með rannsókn hellulagða hússins, mannvirkis 12. Virðist það liggja á óhreyfðum malarruðningi. Norðan við það voru rannsakaðar brotakenndar mannvistarleifar sem eru eldri. Þar norðan við og að hluta ofan á þeim, var búið með sáforunum sem voru grafin niður í óhreyft. Enn norðar, og alveg við norðurbrún uppgraftarsvæðisins, er torfveggurinn sem nær út úr uppgraftarsvæðinu til austurs. Hann var ekki grafinn frekar í sumar.

Uppgrefti á austurhluta svæðis IX er ekki lokið, né á nýopnaða svæðinu, X, en lítið var rannsakað norðan við hlöðuna.

Suður- og austurhluti svæðis IV, á milli niðurgrafna hússins, mannvirkis 10/11, sem Snorragöng ganga uppí, og hellulagða hússins, mannvirkis 12, var aðeins lítillega rannsakaður í sumar. Leifar þar eru mjög brotakenndar og skýrðust ekki nema að því leyti að þykkt mannvistarlag, sem sýni voru tekin úr í fyrri og talið var geta verið gólflög, reyndist vera ruslahaugur.


Norðan, austan og vestan við uppgraftarsvæðið voru gerðar jarðsjármælingar (sjá Viðauka 1).

Framgangur rannsókna

Uppgröftur hófst þriðjudaginn 5. júní og stóð til 13. júlí, eða í sex vikur alls. Fyrstu vikuna unnu sex manns við uppgröftinn, fimm næstu viku, sex þriðju vikuna og níu síðustu tvær og hálfu vikuna.

Byrjað var á því að fjarlægja torf og jarðvegsdúk, sem uppgraftarsvæðið hafði verið þakið með í lok rannsókna sumarið 2000. Einungis var tekið ofan af svæði IX til að byrja með, þar sem aðaláherslan var lögð á rannsókn þar í sumar. Þetta tók tæpan dag og var svæðið síðan hreinsað og einingar merktar með viðkomandi númerum. Nokkuð hafði hrunið úr prófilum, en að öðru leyti kom svæðið vel undan vetri. Fyrst lá fyrir að grafa niður úr ýmsum mannvistarlögum, m.a. gólflögum, sem lágu ofaná því sem síðar varð norðurhluti mannvirkis 12. Húsið sjálft var fyllt þykku, leirkenndu lagi sem í voru bláleitir flekkir (vivinite). Hluti af þessu fyllingarlagi var graf-

⁶ Archaeological Site Manual 1994.



Mynd 3: Yfirlit yfir uppgriftarsvæðin. Fig 3: A map showing the extent of the excavated areas.

íð 1999 þegar suðurhlið mannvirkis 12 kom í ljós. Það var mjög þungt og erfitt í uppgræfti. Þegar uppgröftur hafði staðið yfir í tvær vikur fengum við aðstoð gröfu í um einn og hálfan dag til þess að taka ofan af svæðinu upp að grunni fjóss og hlöðu austan við uppgriftarsvæðið og af grunninum sjálfum. Tilgangurinn var að kanna umfang húsanna og möguleika á því að brjóta upp grunninn og finna þar undir óskemmdar minjar. Steinsteyptir veggir húsanna voru þunnir og syðst var skurðurinn sem þeir voru settir ofaní jafnbreiður þeim. Norðar, þar sem hlaðan var, hafði verið grafinn breiðari skurður og fyllt upp að veggjunum að utanverðu með púkki á um 1 m bili. Hlaðan var líka grafin það djúpt niður að ólíklegt er að þar undir sé nokkuð varðveitt. Var ákveðið að ekki svaraði kostnaði að brjóta upp grunninn til þess að kanna það frekar. Undir lok uppgriftarins þetta árið voru síðan gerðar prufuholur við norðvesturhornið til þess

að leita að leiðslunni sem fannst á þessum slóðum þegar húsið var byggt. Hún kom ekki fram í prufuholunni en reyndist liggja á öðrum stað, eða undir móöskulögunum sem voru hvert ofaná öðru austast á uppgriftarsvæðinu. Tók langan tíma að fara í gegnum þau og reyna að greina þau í sundur. Uppgræfti á austurhluta svæðisins lauk ekki í sumar. Á m.a eftir að ganga úr skugga um tengsl leiðslunnar og mannvirkis 12. Á svæðinu norðan við mannvirki 12, milli þess og syðstu sáfaranna í búrinu, var grafið niður á óhreyft. Þar fannst nokkuð af brotakenndum minjum, m.a. stóðarholur og pinnaholur. Undir lok uppgriftartímabilsins var einnig unnið lítillega á svæðinu milli mannvirkis 12 og niðurgrafna hússins sem Snorragöng ganga uppí. Á því svæði var þó mest áhersla lögð á að fara í gegnum þykkt, dökkt, lífrænt lag (CL577) sem er austan við mannvirki 12. Var það grafið í 5 cm lögum, tekið 20 lítra sýni til rannsókna á plöntu-

og skordýraleifum úr hverju lagi og afgangurinn sigtaður með vatni í 5 mm sigti. Helstu fundir úr því voru viðarleifar og bein.

Eins og fyrr segir var starfsmaður ráðinn í hálfstarf við að veita ferðamönnum sem komu í heimsókn í Reykholt leiðsögn um uppgröftinn. Þegar ekki voru ferðamenn á staðnum tók sá starfsmaður þátt í uppgröftinum. Ferðamannastraumurinn var sem fyrr allnokkur, en veðrið hafði áhrif á hvað þeir stöldruðu lengi við á uppgraftarsvæðinu. Hópar ferðamanna komu að öllu jöfnu ekki á svæðið fyrr en undir hádegis. Leiðsögn mæltist í heild séð vel fyrir.

Veður var yfirleitt mjög gott til vinnu og aðeins tapaðist sem samsvarar um hálfum vinnudegi af útivinnu vegna rigninga. Það var hins vegar nokkuð kaldara en á sama tíma í fyrra og þar með ekki eins þurrt. Þurfti t.d. ekki að bleyta upp í uppgraftarsvæðinu í nándar nærri sama mæli og þurfti að gera í fyrra.

Ekkert af uppgröftinum var að þessu sinni tekið upp á myndband.

Rætt var um að endurgera sýningu á uppgröftinum og bæta við hana þætti um gömlu kirkjuna sem Þjóðminjasafnið er um þessar mundir að gera upp. Hluti af sýningarplássinu í safnaðarheimilinu er tiltækur fyrir slíka sýningu, en þar eru fyrir veggspjöld með upplýsingum og myndefni um sögu staðarins og Snorra Sturluson. Er áhugi á að hafa nokkra gripi úr uppgröftinum með í þessari sýningu. Starfsmenn Þjóðminjasafns munu sjá um að skrifa texta en sá aðili sem sá um hönnun núverandi sýningar fyrir Snorrastofu mun hanna umgerðina.

3. Rannsókn á svæði IX

Uppgröftur sumarsins hófst þar sem frá var horfið syðst á svæði IX sem var opnað sumarið 2000. Var byrjað á því að grafa niður úr CL579, sem er dökkbrúnt/svart lífrænt lag samansett úr mörgum þunnum lögum og fundust í því m.a. viðarleifar og bein. Þetta reyndist vera um 15 cm þykkt og er líklega gólflag. Það liggur á milli húsa 3 og 5 í gangabænum frá 17.–19. öld sem grafin voru upp árið 1989. Fyrir liggur að vinna úr og tengja allar þær teikningar sem gerðar hafa verið af minjum á þessu svæði. Í gólflagi CL579 fundust sumarið 2001 allmargir viðargripir

(FW2–7, FW43). Einnig voru tekin úr því viðar- (SW38) og jarðvegssýni (SS104). Sumarið 2000 fannst í þessu lagi þó nokkuð af viðargripum auk annarra gripa⁷. Austurmörk lagsins var steinaröð sem lá í norður-suður. Þar austan við var annað samtíma gólflag (CL610), en milli gólflaganna tveggja var um 60 cm þykkt mókennt lag (CL609) sem var skorið niður í þau bæði (CC626) og er því yngra. Gólflogin, CL579 og CL610, gætu þess vegna tilheyrt sama lagi sem hefur verið skorið í sundur seinna af CL609. Mörg sýni voru tekin út gólflagi 610 (SW6, 8, 21, SB7, 19, 20, SC22). Norðan við þessi gólfög er torfveggur (CL541) sem virðist tilheyra þeim. Hann tilheyrði einnig búrinu – sem var grafið upp sumarið 2000 – er suðurveggur þess. Þessi gólfög hafa ekki verið tengd þeim lögum sem grafin voru upp sunnan þeirra árið 1999.

3.1. Mannvirki 12

Þau lög sem lýst er hér að ofan liggja innan útveggja þess mannvirkis sem fyrst kom í ljós 1999 og var þá nefnt mannvirki 12, en undir þeim var allt upp í 50 cm þykkt lag (CL653=362 frá 1999) sem fyllti húsið. Einkenni þessa lags voru þau að það var mjög þétt, dökkt og illa lyktandi, með bláleitum flekkjum (vivianite). Nokkur jarðvegssýni (SS24, 27, 29–31, 36–37) voru tekin úr þessu lagi og sigtuð til rannsókna á plöntu- og skordýraleifum. Einnig fannst í því upprúllaður börkur (FW33) sem gæti verið úr þaki, flatt 92 mm langt járnstykki (FI34), viðarleifar (SW46, 103, 105, 106, 110 og 111) og bein (SB56).

Undir þessu lagi var blandað torflagi (CL546). Þetta númer hefur bæði verið gefið torfi í norðurvegg mannvirkis 12 og hrúni um allt húsið. Lega þess sýnir að hætt var að nota húsið nokkru áður en fyllingarlag 653 myndaðist.

Blandaða torflagið lá á hellulögn (CS677) sem fyllti allan gólflöt hússins og er 6,80 x 3,5 m að umfangi (mynd 4). Þetta eru fremur smáar hellur og margar úr hverasteini (geyserite), en þétt og vel lagðar niður í mól. Þær ná alveg upp að hliðarveggjum hússins (CS433 og CS676) sem eru heillegir, gerðir úr innri hleðslubrún sem hefur varðveist upp í þrjár hleðsluraðir á köflum, með torffyllingu á bakvið (CL546). Innan á innri brún vegg hleðslunnar í suðurveggnum eru þrjár

⁷ Guðrún Sveinbjarnardóttir 2001, 26.



Mynd 5: Hverasteinshella með manngerðu gati á miðstólpa í suðurvegg mannvirkis 12. Fig. 5: Geysrite slab with man-made hole on middle stone pile in southern wall of structure 12.


veggur mannvirkis 12 hefur verið skorinn ofaní og tilheyra þeir því mannvistarlögum sem eru eldri en húsið. Í sniðinu mátti sjá greinilegar torfur sem lágu hver ofaná annarri á ská upp að CS665. Þær tilheyra ytra byrði norðurveggjar mannvirkis 12, CL546, sem hefur verið torfhlaðið. Aðeins austan við miðju hússins, rétt austan við miðstólpana við vegg, vantaði hellulögn í gólfi á parti (CC685). Þetta reyndist vera hringlaga hola, 1,25 m í þvermál í austur-vestur, 1,15 m í norður-suður og um 60 cm djúp (mynd 7). Hún er grjótlögð í botni (CS689) en ekki í hliðum. Ekki var augljóst hvort hún er samtíma góflögn hússins eða gerð síðar. Holan var full af mjúkri, blautri, malarkenndri leirblöndu sem losnaði auðveldlega frá hliðum hennar. Í fyllingunni voru m.a. nokkrir litlir hverasteinsmolar. Malarkenndara, harðara, fint, grátt lag var umhverfis steinana í botninum (CL681). Hellurnar í gólfi

hússins voru lagðar ofaní samskonar lag. Úr holunni var tekið sýni (SS85) sem hefur verið sigtað og einnig kolasýni (SC91), sem er heldur lítið til þess að vera hentugt til aldursgreiningar.

Í báðum hornum austurenda hússins og við vesturgafli fundust leifar af móösku (CL672, CL675) á afmörkuðu svæði. Tekin voru sýni úr þessum lögum (SS73, SS76) sem hafa verið sigtuð til undirbúnings fornvistfræðilegra athugana. Í CL672 fannst einnig brennt bein úr spendýri (SB53). Það er illa varðveitt og því óhentugt til aldursgreiningar.

Aðeins einn gripur fannst í mannvirki 12, en það var stór lábarinn steinn, aðeins aflangur, lengd 270 mm, breidd 230 mm, hæð 150 mm (FS71). Hola er ofaní steininn, þvermál mest 35 mm, mjókkar niður, dýpt 37 mm. Steininn lá á stétt í mannvirki 12, upp við norðurvegginn og er túlkaður sem hjarrasteinn⁸. Neðri hlið steinsins var

⁸ Í íslenskrri orðabók stendur eftirfarandi. Hjarri: stöng á hurð í stað hjara, endarnir gengu í holur í dyratré og þröskuldi og hurðin snerist um þá.



Mynd 6: Snið 45 í norðurvegg mannvirkis 12. CL546: torf í vegg. CL690: óhreyft. CL649: jarðvegur með einstaka kolabítum og torfusneplum sem norðurveggur M12 er skorinn niður í. Fig. 6: Section 45, through the north wall of structure 12. CL546: turf in wall. CL690: sterile. CL649: soil with occasional bits of coal and turf into which the north wall of structure 12 was cut.

þakin hverahrúðri og hann fannst greinilega ekki *in situ*, þ.e. á sínum upprunalega stað. Aldur hússins verður á þessu stigi aðeins áætlaður út frá afstöðu þess til annarra mannvistarleifa. Af því má ráða að það sé samtíma niðurgrafna húsinu sem liggur eins en sunnar, mannvirki 10/11, og gæti því verið frá 13. eða 14. öld eins og það.

3.2. Mannvistarleifar norðan við mannvirki 12

Á milli sáfaranna sem fundust í búrinu sumarið 2000 og mannvirkis 12 fundust brotakenndar mannvistarleifar sem tilheyra mismunandi byggingarskeiðum. Þær lágu undir neðra gólfi búrsins (CL534) og undir blönduðu torflagi (CL574) sem var undir því, og sömuleiðis undir torfvegg (CL541) sem talinn var vera suðurveggur búrsins. Þessar leifar hafa greinilega verið skertar af seinni mannvirkjagerð á svæðinu, þ.e. gerð sáfaranna í búrinu og mannvirkis 12. Þær eru því eldri en bæði þessi mannvirki. Engin heildarmynd fékkst af þessum leifum en hægt er að segja eftirfarandi um þær:

Undir torfveggnum (CL541) voru ýmis lög af blönduðu torfi (CL618, 619, 620, 621, 622, 627, 628, 631) sem lágu aðeins á misvíxl (sjá einingaskipurit í viðauka 6). eru þetta líklega leifar eftir torfveggi og aðra byggingahluta sem hafa verið jafnaðir út. Í þessum lögum fundust eftirfarandi munir:

1. Snældusnúður úr sandsteini (FS14, mynd 8), 46 mm í þvermál.
2. Brýni úr flögubergi (FS27), líklega brotið í báða enda, lengd 115 mm, breidd 10–21 mm, þykkt 7–10 mm.
3. Tinnusteinn sem virðist hafa verið mótaður (FS28, mynd 9).

Einnig fundust í þessum lögum hár (FH30) og textilleifar (FF31).

Ofan í þessi lög, á mismunandi stigum, voru skornar stóðarholur og ein stærri hola (CC662) (sjá yfirlitsupprátt).

Stóðarholunum má skipta í þrjá hópa eftir því hversu mörg jarðlög þær skerast í gegnum, en allar eru þær skornar niður í CL649 sem er náttúrulegur fokjarðvegur með einstaka kolabítum og torfusneplum.

Í gegnum efstu jarðlög skerast holurnar CC635 og CC651 sem eru vestast á svæðinu (sjá yfirlitsupprátt). Þær mynda par í norður-suður og eru um 40 cm á milli þeirra.

CC635 er egglega, 40 x 32 cm í þvermál og 20 cm djúp, skarpar og brattar brúnir, snýr í NV-SA. Skorin niður í blandað torf, CL628, sem gæti verið útflattar leifar torfveggjar, og að hluta til niður í óhreyft, CL649. Á milli þessara tveggja laga eru CL619 og CL621 í þeirri röð. Eftir að holan hætti að þjóna tilgangi sínum var hún fyllt af mól (CF636). Umhverfis holuna er meiri mól (CL641) sem bendir líka til þess að svæðið hafi verið sléttad út fyrir síðari athafnir á staðnum. Viðarleifar sem fundust í vesturbrún holunnar styðja túlkun



Mynd 7: Mannvirki 12, séð í austur. Fig. 7: Structure 12, looking east.

hennar sem stoðarholu. Tekið var sýni úr því (SW16).

CC651 er hringlaga, 45 x 45 cm að ummáli, 38 cm djúp, vísar í N-S. Skorin niður í sömu jarðlög og CC635. Misdjúp, fylling sama og í 635 (CF636), en í þessari holu fundust leifar af þangi, SS28.

Rétt austan við eru aðrar tvær stoðarholur, CC632 og 650. Þær liggja hlið við hlið, í A-V og eru aðeins um 12 cm á milli þeirra. Þessar holur voru skornar ofan í móöskuflekk, CL633, sem lá ofaná óhreyfðu, CL649.

CC650 liggur næst austan við áður nefndar holur. Aflöng, 50 x 38 cm, 38 cm djúp, vísar í NNV-SSA, misdjúp, sama fylling og í hinum (CF636). Upp að holunni að vestanverðu lágu viðarleifar á litlum, flötum steinum á um 2,8 m löngu bili (mynd 10). FW38 er hluti þeirra. Fjallað er frekar um þessar leifar hér á eftir.

CC632 liggur rétt austan við, aflöng, 38 x 30 cm, 40 cm djúp, vísar í NNV-SSA, misdjúp, sama fylling og í hinum (CF636).


Allar þessar fjórar stoðarholur eru svipaðar að gerð og sama má reyndar segja um næstu þrjár holur.

CC654 liggur um 1,5 m beint í austur frá 632 og virðist tilheyra sama skeiði og 650 og 632. Hún er hringlaga, 42 x 38 cm í þvermál og 46 cm djúp, vísar í N-S, misdjúp, sama fylling og í hinum (CF636). Hún er fyrst skorin í gegnum CL621 og síðan í gegnum CL649. Viðarleifar fundust við austurbrún holunnar. Sýni var tekið af þeim (SW32).

CC639 liggur 34 cm beint norður af 654 og mynda þær eins konar par. Hún er hins vegar skorin beint niður í óhreyft (CL649). Egglaga, 33 x 30 cm í þvermál, 35 cm djúp, vísar í NV-SA, jafndjúp og flatur botn, sama fylling og í hinum (CF636).

CC652 er austast á svæðinu, 1,9 m í austur frá 639 og 654, mitt á milli þeirra og er eins og 639 skorin beint niður í óhreyft. Hún er ferhyrnd að lögun, 40 x 30 cm að ummáli, mest 50 cm djúp, vísar í NV-SA, botninn er rúnnaður, sama fylling og í hinum.

Allar þessar stoðarholur eru mjög svipaðar að gerð og allar hafa þær verið fylltar á sama tíma. Þó að þær skerist í gegnum mismörg lög gætu þær verið samtíma, en mynda ekki áberandi




Mynd 8: Teiknaðir munir. Fig. 8: Drawn objects. Drawings: Eavan O'Dochartaigh

munstur svo að séð verði hvers konar byggingu/m þær hafa tilheyrt. Þær eru greinilega eldri en sáförin í búrinu sem grafin voru upp sumarið 2000.

Eins og fyrr segir lágu viðarleifar (FW38) upp að vesturbrún einnar stoðarholunnar (CC650). Þessar leifar lágu að hluta á litlum, flötum steinum og mynda syðsta hluta um 2,8 m langrar og allt upp í 20 cm breiðrar lengju sem liggur í norður-suður (mynd 10). Ólafur Eggertsson viðarfræðingur greindi sýni úr þessu sem birki. M.a. var þarna birkilurkur sem hafði rotnað og pressast saman þannig að aðeins börkurinn var eftir. Augljóst er að þessi viður er leifar eftir einhvern strúktúr sem þarna hefur verið, þil eða álika.

Steinarnir sem þessar viðarleifar lágu á voru í jaðri CL619 sem er dökkbrúnt, moldar- og torfkennt lag. Austar í sama lagi voru nokkrir stórir steinar sem virðast tilheyra einhverju mannvirki. Vestan við CL619 og FW38 er rauðsvart, hart leirkennt lag, CL627. Það lítur helst út fyrir að það hafi orðið fyrir eldi.

Þetta eru mjög brotakenndar leifar en hugsanlega má túlka þær þannig að CL619 séu leifar torfveggjar sem liggur í norður-suður, FW38, sem liggur í vesturjaðri 619, séu leifar eftir þil eða innri vegg í húsi og að CL627 hafi verið gólf-ið í því húsi. CL627 liggur inn undir vesturbakka uppgraftarsvæðisins svo að útbreiðsla þess er ekki þekkt.



Mynd 9: Teiknaðir munir. Fig. 9: Drawn objects. Drawings: Eavan O'Dochartaigh



Mynd 10: Viðarleifar FW38 á svæði IX, séð í austur. CC651 og 635 í forgrunni, CC650 og 632 fjær (austan við FW38). Lengd mælistikanna er 160 cm.

Fig 10: Wood remains FW38 in area IX. CC651 and 635 in the foreground, CC650 and 632 in the background. Measuringrods are 160 cm in length.

Ofan í CL627 var skorin hringlaga hola, CC662, 70 cm í þvermál og 45 cm djúp, sem í voru fjögur, greinilega afmörkuð fyllingarlæg. Efst er CL655, sem er 6 cm þykkt meðalbrúgrátt leirlag með örfáum kolabítum og berki. Tekin voru sýni af því (SW40, SW43). Næsta fylling, CF663, er 10 cm þykkt brúgrátt leirlag með örfáum kolabítum. Sýni voru tekin úr því (SS42, SW44). Næst var CF664, sem er 12 cm þykkt bleikt leir- og móöskulag með kolabítum. Í botni þessa lags komu í ljós nokkrar pinnaholur. Sýni (SS42) var tekið úr þessu lagi. Neðsta fyllingarlagið, CF669, er 25 cm þykkt grábrúnt, malarkennt leirlag með kolabítum.

Jarðlagaskipan á þessum hluta uppgraftarsvæðisins bendir til þess að trjáleifarnar, FW38 og pytturinn, CC662 séu samtíma – tilheyri sama mannvirki, en að stoðarholurnar komi til seinna. Undir CL627 sem pytturinn, CC662, var skorinn ofaní, var annað rautt, hart lag með járnútfellingu, CL667, 1–3 cm á þykkt, en útbreiðsla þess er óþekkt þar sem það nær inn undir vesturbakka uppgraftarsvæðisins. Í þessu lagi, sem


liggur á óhreyfðu, voru margar pinnaholur, CC668 (sjá yfirlitsupprátt). Þær eru 3–6 cm í þvermál og að meðaltali um 10 cm djúpar. Ekki fundust neinar viðarleifar í holunum en marka mátti þær af járnútfellingu sem hafði myndast við op þeirra. Alls töldust holurnar vera 43 að tölu og þær mynda ekkert ákveðið munstur. Mögulegt er að þetta séu ekki eiginlegar pinnaholur, heldur hafi þær einfaldlega myndast vegna járnútfellingarinnar.

Pinnaholur finnast oft við uppgrefti á Ísland. Á Hjálmsstöðum í Laugardal hefur verið grafið upp jarðhús sem í fannst mikið af slíkum holum⁹. Alls fundust þar um 200 holur dreifðar um allt gólfíð og voru viðarleifar í fáeinum þeirra. Svona holur hafa ýmist verið túlkaðar sem hluti af innréttingum, þ.e. stuðningur við bekki eða palla með veggjum, eða undirstöður undir timburgólf¹⁰, eða að rekja megi þær til einhverrar starfsemi í húsinu, eins og til dæmis ullarvinnu með spunasnældum á prikum sem stungið var niður í gólfíð. Myndir eru til af slíku vinnulagi í handritum¹¹.


9 Guðmundur Ólafsson 1992.

10 Þór Magnússon 1972, 16; Bjarni Einarsson 1989, 48–50.

11 Guðmundur Ólafsson 1992, 50–51.



Mynd 11: Teiknaðir munir. Fig. 11: Drawn objects. Drawings: Eavan O'Dochartaigh



Mynd 12: Teiknaðir munir. Fig. 12: Drawn objects. Drawings: Eavan O'Dochartaigh

Ekki er ljóst hver tilgangur pinnaholanna í Reykholti hefur verið eða hvernig þær hafa myndast. Þetta eru elstu leifarnar á þessu svæði en uppgrefti lauk þar í sumar.

3.3. Mannvistarleifar austan við mannvirki 12


Austurgafll búrsins sem grafið var upp sumarið 2000 markaðist af vegghleðslu, CS450¹². Beint undir þessari hleðslu kom í ljós hellulögn (CS624) á afmörkuðu svæði, að umfangi um 3,20 x 1,50 m. Hún var gerð úr smáum hverasteinum, 20–50 cm að stærð, og sneri flöt hlið þeirra upp. Meðal þeirra var brot sem horn er skorið í (FS16, mynd 11), og hefur líklega verið partur af einhvers konar rennu. Hefur brotið verið sett á hvolf og endurnýtt í hellulögnina. Á köflum er hver hellan yfir annarri allt upp í 33 cm á dýpt. Tilgangurinn virðist hafa verið sá að skapa sléttan flöt fremur en að gera hleðslu. Nokkrir steinar, sem áður þjónuðu öðru hlutverki, hafa verið endurnýttir í þessa lögn, t.d. hálfur sleggjusteinn

(FS20). Lögnin er ekki ósvipuð hellulögn CS596, sem var sunnar og austar á svæðinu og lá hornrétt á þessa¹³. Sú hellulögn virtist vera utandyra. Hellulögn CS624 virðist vera samtíma sáförum í búrinu sem grafið var upp árið 2000 og ef svo er gæti hér verið um að ræða gólfögn við austurgafll þess, þ.e. innanhússlögn. Austan við lögnina er hleðsluröð, CS616, sem vísar í norður-suður og myndar brún við hana. Ef þessi túlkun er rétt, gæti þetta verið innri brún gaflls búrsins á því byggingarskeiði sem hellulögnin tilheyrir, þ.e. á fyrra skeiði þess. Yngri gafflörð (CS450) fannst vestan við og að hluta ofan á hellulögninni sem benti til þess að búrið hafi verið minkað á seinni skeiðum þess.

Í framhaldi af CS624, til suðvesturs, liggur steinahröngl í torfkenndu lagi, CL625, sem ekki er ljóst hvað hefur verið. Í þessu lagi fannst aflangur, ferkantaður hlutur úr slípuðum, líklega erlendum steini (steinninn hefur ekki verið greindur þegar þetta er skrifað) (FS25, mynd 9). Eitthvað hefur verið fest á báða enda. Steinar úr svipuðu efni og einnig slípaðir, en ekki með brík-

12 Guðrún Sveinbjarnardóttir 2001, 22 og yfirlitsuppráttur.

13 Sjá yfirlitsupprátt í Guðrún Sveinbjarnardóttir 2001.



Mynd 13: Snið 51 í austurhlíð uppgraftarsvæðis. CL646: blandað torf. CL647 og 666: móaska, líklega sama lag. CC687: skurður sem liggur í vestur austast á svæði IX. Fig. 13: Section 51 in the eastern side of the excavation area. CL646: mixed turf. CL647 and 666: peat ash. CC687: cut running west from eastern edge of excavation area.

um við endana, fundust við uppgröft í Viðey og voru þar túlkaðir sem vaxfletjarar eða mortel¹⁴. Aflangur bronshlutur sem talinn er hafa getað verið vaxfletjari fannst í Lundi í Svíþjóð¹⁵.

Í hleðsluröð CS616 eru tvö lög af steinum og þrjú allra syðst þar sem landi hallar til suðurs. Meðal hleðslusteinanna voru hverasteinar sem í eru svo til hornréttar skorur (FS15 mynd 12 og FS18). Er hér greinilega um brot úr einhvers konar rennu að ræða sem hafa verið endurnýtt í hleðsluna (sjá hér að ofan og umfjöllun um rennur síðar í þessum kafla). Undir norðurhluta CS616 fannst hverasteinn með gati (FS21, mynd 12). Stærð gatsins er svipuð og þess sem er í stórri hellu á miðstólpanum í mannvirki 12 og hefur hellan að öllum líkindum upprunalega verið í því húsi. Í beinu framhaldi af CS616, en ekki samhangandi við hana, er CS593. Suðurhluti CS616 og CS593 gætu markað ytri brún austurgafls mannvirkis 12, en þetta er þó ekki orðið ljóst ennþá. Eins og fyrr segir virðist hleðsluröð CS616 síðar hafa þjónað því hlutverki að marka innri brún austurgafls búrsins sem grafið var upp á svæði IX árið 2000.

Skurðurinn fyrir norðurvegg mannvirkis 12, CC683, nær á þessu stigi uppgraftarins upp að CS616, en ekki er útséð með framhaldið eða hvort tengsl eru milli skurðanna CC683 og CC687 austast á uppgraftarsvæðinu. Líklegt er að inngangur inn í mannvirki 12 hafi verið í aust-

urgaflinum en bilið milli CS616 og CS593 gæti markað hann.

Austan við og upp að CS616 lágu móöskulög CL661 og 666. Allt svæðið austan við 616 var þakið móösku, en 661 og 666 skáru sig í upphafi nokkuð úr í lit og þykkt. Þau mynduðu n.k. haug upp að hleðsluröð 616. Hann byrjaði með því að vera um 1,5 x 1,10 m að umfangi (CL661) og endaði í um 6 x 2,7 m umfangi og náði þá út í austurmörk svæðisins. Þarna austast hafði móaskan fengið númerið 647, en er í raun sama lag og 666 (sjá snið 51 á mynd 13). Í raun er þetta einn og sami haugurinn, mest um 40 cm á þykkt, þó að svo virtist sem um fleiri lög væri að ræða meðan á uppgrefti stóð. Svo virtist á parti sem móöskuhaugur 666 gæti legið undir steinaröð 616. Þetta er þó ekki alveg ljóst og er hugsanlegt að steinararnir í 616 hafi einfaldlega skriðið fram. Þetta skýrist væntanlega þegar svæðið er fullgrafið.

Að hluta undir, en aðallega norður frá 661, var þétt, dökkbrúnt, lífrænt lag, CL659, 2,2 x 0,7 m að umfangi og 15 cm þykkt. Í því fundust nokkrir hlutir úr lífrænum efnum, m.a. hluti úr botni eða loki tréiláts (FW49, mynd 14), tveir leðurbútar (FL52) og leðurrama (FL53), aðrar viðarleifar (SW113) og dýrabein (SB49, 109). Var augljóst að þetta var ruslahaugur.

Austast á svæðinu var fyrst komið niður á leifar hellulagnarinnar, CS596, sem uppgröftur endaði á árið 2000. Þessi stétt virðist vera utanhúss, ligg-

14 Margrét Hallgrímsdóttir 1991, mynd 25.

15 Mártensson 1961, 117–18 og mynd 12.

ur upp að veggjabrún CS455, og vísar í austur-vestur. Nokkrir steinar í stéttinni eru brot úr gripum sem hafa brotnað og verið endurnýttir. Þeir eru FS8 og FS9, sem falla saman og eru brot úr neðra steini kvarnarsteins, FS10, brot úr efri steini (mynd 11) og ferhyrndur, aflangur steinn sem virðist hafa verið mótaður (FS11). Neðri steinn kvarnarsteinsins hefur rák meðfram brún. Stéttin náði í vestur upp að suðurhluta CS616, sem ekki var kominn í ljós árið 2000, en hvarf út úr sniðinu í austurátt. Framhald stéttar og veggjar kom í ljós þegar svæðið var stækkað um ca. 1,5 m til austurs (svæði X) og hefur líklega náð enn lengra til austurs en var raskað þegar fjós og hlaða voru byggð á staðnum árið 1929. Bæði stétt og veggjabrún eru óheilli á svæði X en á svæði IX.

Beint undir stéttinni var 10–15 cm þykkt torfusneplalag, CL617, sem lá einnig undir hellulögninni sem lá til norðurs frá 596. Í því fundust bein (SB10, 12) og viðarleifar (SW11). Sunnan við torfusneplalagið (617) var annað, mjög svipað torfkennt lag, CL623, sem náði alveg út í suðurbrún svæðis IX. Það var 10–25 cm þykkt og var mjög svipað samansett og CL617. Líklega er hér um eitt og sama lag að ræða. 617 lá neðar og var samþjappaðra vegna þess að stéttin hvíldi ofaná því.

Milli þess og móöskulaganna (666=647=436) voru lög af finkornuðu seti, um 25 cm þykk. Móöskulögin voru alls um 35 cm þykk og þar undir var dökkt, lifrænt lag, CL577, en það kom í ljós á svæði IV við lok uppgrftar sumarið 2000. Talið var líklegt að þetta væri gólflag og stóðu vonir til að húsið sem það tilheyrði kæmi í ljós við frekari uppgröft á svæði IX. Þetta reyndist ekki vera gólf heldur líklega ruslahaugur sem náði vel inn á svæði IX (sjá yfirlitsupprátt). Lagið var þykkast þar sem um 35 x 35 cm stór prufuhola var gerð í það sumarið 2000, eða um 27 cm þykkt, en úr prufuholunni voru teknar sýni til ýmissa fornvistfræðilegra rannsókna¹⁶. Lagið var nokkuð þétt og fullt af lifrænum leifum og var því ákveðið að grafa það í 5 cm lögum, taka stór sýni úr hverju þessara laga til fornvistfræðilegra rannsókna (SS64–67, 86, 102) og sigta afganginn á staðnum. Nokkurt magn fannst í laginu í heild af viðarleifum (SW62, 72, 78, 79, 82, 83, 93, 97, 101) og beinum (SB61, 71, 77, 80, 81, 84, 94, 100),

en einnig gjall (SI96), ull (WS108), viðarkol (SC70, 95, 98) og hneta (SN99) sem ekki hefur verið greind þegar þetta er skrifað. Nokkuð fannst einnig af gripum í lagi 577. Þeir eru:

FW39: tilsneiddur trébútur, 40 x 29 x 12 mm að stærð. Greinilegur hornréttur skurður inn í aðra hliðina. Ekki var unnt að sjá úr hverju þetta hefur verið.

FW40: tilsneiddur trébútur, 80 x 46 x 27 mm mest. Greinileg skurðarför á tveimur hliðum. Ekki var unnt að sjá úr hverju þetta hefur verið.

FL44: fimm leðurræmur. Ein þeirra er samantrotin, um 70 mm löng.

FW56: tréflýgur sem mjókkar í endann, lengd 95, breidd 28 mm.

FW57: tilsneiddur planki, 730 x 138 mm (mest), þykkt 27 mm. Annar endinn er tilsneiddur skáhallt og hornrétt. Gæti verið húsaviður eða úr innanstokksmun. Greint sem furutré, líklega lerki af Ólafi Eggertssyni viðarfræðingi.

FW58: trénagli, 73 x 10 mm. Brotið af breiðari enda (e.t.v. hausinn, sbr. FW59).

FW59: trénagli með haus, allþykkur, 91 x 19–30 mm (sjá mynd 14).

FW61: fjögur viðarbrott, allavega eitt er mótað, ferhyrnt, 110 x 20 x 1,1 mm.

FW63: ferkantaður, aflangur trébútur, 87 x 38,5 x 9 mm. Kvistur er á og virðist útskorið umhverfis hann og út frá honum (mynd 14). Þetta þarfnast frekari athugunar þegar búið er að forverja gripinn.

FW64: tréflýgur, 113 x 34 x 23 mm.

FW65: tvö tréstykki sem falla saman, mótað, alls 123 mm á lengd, breidd 26–35, þykkt 7–13 mm.

FW66: mótuð spýta sem á sjást tálgunarför, 93 x 31 x 21 mm. 2 göt eru á, 11,5 og 16 mm í þvermál.

FW67: trépinni, 88 x 6 x 5 mm. Brotið er af breiðari enda.

FL69: tvær leðurræmur.


FW72: tvær tilsniðnar tréþynnur

FW73: tréhæll, brotinn í endann, 136 x 23 x 22 mm.

FW74: mótaður viður, 50 x 36 x 13 mm. Myndar odd í heila endann, brotið af hinum endanum.

FL79: 60 mm löng leðurræma

Einnig fundust í þessum ruslahaugi hárleifar, *FH76*, sem ekki hafa verið greindar, og textilleifar, *FF77*.



